

**ábyrgð  
frelsi  
jafnrétti  
val**



## Helstu áherslatriði nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla

### Ágætu nemendur og foreldrar

Þjóðfélagið er alltaf að verða margbreytilegra. Tækifærin verða einnig fleiri en áður. Þetta á ekki síður við um skólakerfið en annað. Strax í grunnskóla veitir ný námskrá nemendum meira frelsi til að móta nám að eigin höfði. Skyldan til að allir taki sömu samræmdu prófin var afnumin úr lögum í desember 1999. Frá og með vori 2001 verður það undir nemendum komið hvort þeir taki samræmt próf eða ekki. Það ræðst síðan af því, hve mörg próf þeir taka, hvaða námsbrautir í framhaldsskóla þeir geta valið. Alþingi hefur einnig samþykkt að öll próf úr framhaldsskóla, sem veita rétt til innngöngu í háskóla, séu stúdentspróf. Hvort sem nemandi velur sér bóknámsbraut í framhaldsskóla eða starfsnámsbraut getur hann haldið áfram í háskóla.

Í þessu riti eru nemendum og foreldrum kynntir þeir kostir sem blasa við nemendum að loknu námi í grunnskóla.

Ég vona að ritið komi nemendum að gagni við að móta framtíð sína með tilliti til menntunar og legg jafnframt áherslu á að auknu frelsi fylgir aukin ábyrgð hvers og eins.



**Björn Bjarnason**  
menntamálaráðherra

### Tækifærin eru þín

Aukið valfrelsi í námi gefur nemendum tækifæri til að móta námsferil sinn í samræmi við áhuga og framtíðaráform. Þessu frelsi fylgir vissulega aukin ábyrgð og nauðsynlegt er að nemendur taki sér nægan tíma til þess að velta fyrir sér þeim kostum sem í boði eru áður en ákvörðun er tekin.

Allir ættu að geta fundið námsleið við sitt hæfi því að ný skólastefna er sniðin með þarfir nútímanemenda og nútímasamfélags í huga.

### Þú getur gert það sem þú vilt

Fjölbreyttar námsleiðir á framhaldsskólastigi gera nemendum kleift að stunda nám sem vekur hjá þeim mestan áhuga. Tækifæri til að velja nám eftir áhugasviðum hafa aukist mjög með nýrri skólastefnu og nýrri námskrá. Því er mikilvægt að hugsa sig vandlega um áður en ákvörðun er tekin.

### Jákvæðar breytingar

- Nýja skólastefnan auðveldar nemendum að átta sig á skipulagi náms og kennslu og fylgjast með framgangi í námi.
- Aukin áhersla er lögð á að skólar meti eigin frammistöðu og eins verði skólar metnir af utanaðkomandi aðilum.
- Skýrari reglur um réttindi og skyldur, bæði nemenda og skóla, gera öllum auðveldara að átta sig á stöðu sinni.
- Skólar gefa út sérstakar skólánámskrár þar sem gerð er grein fyrir starfi skólans, reglum, sérkennum og öðru er varðar starfsemi hans.
- Þjónusta við fatlaða nemendur eykst til muna.

### Tölvukennsla í tæknivæddum heimi


- Lögð verður sérstök áhersla á tölvunotkun í almennu námi.
- Stofnuð hefur verið sérstök námsbraut í tilraunaskyni, upplýsinga- og tæknibraut. Henni er ætlað að stuðla að almennu tæknilæsi nemenda og undirbúa þá undir frekara nám í tæknigreinum.



### **Pú hefur aukið frelsi**

- Nemendur fá tækifæri til þess að taka stöðupróf og sýna þar með þekkingu sína og getu sem aflað hefur verið utan hefðbundinnar skólagöngu.
- Námsbrautir eru skilgreindar með aukna sérhæfingu í huga. Þannig verður undirbúningur undir frekara nám og starf markvissari.
- Skilyrði hafa verið sett til inngöngu á námsbrautir í framhaldsskóla þar sem tekið er mið af námsárangri við lok grunnskóla. Inntökuskilyrði taka gildi á haustönn 2001 og eru þau kynnt rækilega hér aftar í bæklingnum.

Mikilvægt er að nemendur kynni sér skilyrðin og taki mið af þeim við skipulagningu náms síðustu árin í grunnskóla.



## Gerðu það sem þig dreymir um

- Nemendum gefst nú kostur á að stunda nám í hönnun, tónlist, dansi og myndlist á sérstakri listnámsbraut.
- Starfsnám mun í auknum mæli taka mið af þörfum atvinnulífsins. Starfsgreinaráð munu gera tillögur um námskrár á viðkomandi sviðum sem síðan eru staðfestar af menntamálaráðherra. Þetta er gert til að tryggja að starfsnám verði á hverjum tíma í samræmi við kröfur atvinnulífsins.
- Kvöldskólanám verður í boði auk þess sem skólameistarar geta veitt nemendum leyfi til að stunda nám utan skóla.

## Tækifæri fyrir alla

- Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur, sem hafa dvalist lengi erlendis, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Kennsla í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlauslausa verður tekin upp.
- Þjónusta við fatlaða nemendur verður aukin og þeim gefinn kostur á sérstöku námi.

## Fjórar leiðir - Hvert skal halda?

Inntaka nemenda á námsbrautir framhaldsskóla ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Þess vegna skiptir miklu máli að nemendur geri sér sem besta grein fyrir hvaða nám þeir vilja helst stunda og undirbúi sig eins vel og þeir geta í grunnskóla fyrir það nám sem er í vændum.

Inntökuskilyrði verða sett á einstakar brautir framhaldsskóla og taka þau gildi frá og með skólaárinu 2001-2002.

## Bóknámsbrautir

Námið tekur fjögur ár og lýkur með stúdentsprófi. Prófið gefur rétt til að sækja um skólavist í háskólum og öðrum skólum sem setja stúdentspróf sem inntökuskilyrði.

Nám á bóknámsbrautum skiptist í þrennt.

**Kjarni:** Í kjarna eru námsgreinar sem öllum nemendum á viðkomandi braut er skylt að taka. Kjarninn er mismunandi eftir námsbrautum.

**Kjörsvið:** Nemendur velja sér tiltekna greinar sem mynda kjörsvið nemandans. Um er að ræða námsgreinar á sviði félagsfræða, náttúrufræða og tungumála. Einnig geta nemendur valið greinar af öðrum kjörsviðum en sínu eigin.

**Friðlát val:** Nemendur geta valið þær námsgreinar sem helst vekja áhuga þeirra.

## Og hvað get ég orðið þá?

Stúdentspróf veitir aðgang að fjölbreyttu námi. Þeir sem taka stúdentspróf halda flestir áfram í námi í háskóla eða annars staðar. Stúdentspróf veitir engin sérstök starfsréttindi en er góð undirstaða fyrir frekara nám.

**Inntökuskilyrði:** Nemendur þurfa að hafa þreytt samræmd próf í íslensku og stærðfræði og tveimur greinum til viðbótar sem eru mismunandi eftir brautum. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaþrófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla verður að vera 6,0 að lágmarki í þremur af þessum fjórum greinum. Auk þess verða einkunnir á samræmdu lokaþrófi að vera 5,0 eða hærrí í hverri þessara greina. Meðaleinkunn í fjórðu greininni þarf að vera 5,0 og einkunn á samræmdu prófi ekki lægri en 4,5.

## Starfsnámsbrautir

Námið tekur mislangan tíma og í sumum tilvikum er unnt að fara mismunandi leiðir. Í námi í löggiltum iðngreinum er t.d. hægt að:

- gera samning við iðnmeistara,

- innritast í grunndeild iðnskóla eða fjölbautarskóla, fara svo í verknámsdeild og síðan á samning hjá iðnmeistara.

Náminu lýkur með sveinsprófi og geta nemendur þá farið í meistaraskóla og orðið iðnmeistarar. Próf úr meistaraskóla veitir réttindi til verktöku og rétt til þess að hafa nema á samningi.

Einnig gefst kostur á öðru starfsnámi en löggiltum iðngreinum. Þá þarf nemandinn að finna skóla þar sem viðkomandi nám er í boði. Í sumum tilvikum er þess

krafið að nemendur hafi lokið tilteknu námi í framhaldsskóla en í margt annað nám er hægt að innritast beint eftir grunnskóla.

## Og hvað verð ég þá?

Nemendum sem hafa lokið starfsnámi verður gefinn kostur á viðbótarnámi sem veitir undirbúning til náms í sérskólum og skólum á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi. Starfsnám er góður undirbúningur fyrir þátttöku í atvinnulífinu.

**Inntökuskilyrði:** Nemendur þurfa að hafa þreytt samræmd lokaþróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaþrófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla verður að vera 5,0 að lágmarki í hvorri grein. Auk þess má einkunn á samræmdu lokaþrófi ekki vera lægri en 4,5. Skólameisturum er heimilt að setja skilyrði til viðbótar og skulu þau m. a. miðast við frammistöðu nemenda í verk- og listgreinum í grunnskóla.



## Listnámsbraut

Námið tekur þrjú ár og er hægt að velja um fjórar greinar: dans, hönnun, myndlist og tónlist.

Þegar námi á listnámsbraut lýkur geta nemendur sótt um inngöngu í listaháskóla á sínu sviði. Ef nemendur leita eftir inngöngu í aðra skóla geta þeir reiknað með að þurfa að bæta þekkingu sína í einhverjum greinum til þess að fullnægja inntökukröfum viðkomandi skóla.

### Og hvað verð ég þá?

Listnám opnar ýmsar spennandi leiðir. Spurn eftir fólki með listmenntun er mikil víða í atvinnulífinu Einnig er margvíslegt framhaldsnám í listgreinum í boði um heim allan hafi fólk áhuga á að helga sig list sinni. Listnám á háskólastigi er nú í boði hér á landi.

**Inntökuskilyrði:** Nemendur þurfa að hafa þreytt samræmd lokapróf í íslensku og stærðfræði. Meðaltal einkunnar á samræmdu lokaprófi og skólaeinkunnar við lok grunnskóla verður að vera 5,0 að lágmarki í hvorri grein. Auk þess má einkunn á samræmdu lokaprófi ekki vera lægri en 4,5. Nemendur þurfa einnig að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla og náð fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla.

## ábyrgð



## Almenn námsbraut

Námið tekur eitt til tvö ár og er ætlað þeim sem vilja búa sig frekar undir framhaldsnám eða vilja afla sér þekkingar á tilteknu afmörkuðu sviði. Auk þess geta nemendur kynnt sér hin margvíslegu námssvið framhaldsskólans áður en þeir ákveða endanlega hvert skuli stefnt.

Nemendur geta haldið áfram námi á einhverri braut framhaldsskóla ef námsárangur hefur verið fullnægjandi eða lokið námi með framhaldsskólaprófi.

**Inntökuskilyrði:** Nemendur þurfa að hafa lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.

## Sérdeild

Námið er sniðið að þörfum fatlaðra nemenda. Markmið þess er að stuðla að auknu sjálfstrausti, sjálfstæði og aðlögunarhæfni nemenda með því að bjóða verklegt og bóklegt nám í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra.

Lengd námsins getur verið breytileg eftir því hverjar þarfir nemenda eru og eftir aðstæðum skóla.

Menntamálaráðuneytið: Smárit 5  
Janúar 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólsgrötu 4, 150 Reykjavík  
Sími: 560-9500  
Bréfasími: 562-3068  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun: Íslenska auglýsingastofan  
Prentun: Svansprent ehf.

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-39-5

Sérstakar þakkir fá Félag framhaldsskólanema og nemendur í MK.